



## Velkomnir í HÍ nýnemar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði H-2011

### Nokkrar upplýsingar

Þjónusta við nemendur	Skrifstofur sem sinna BS-nemendum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru í VR-II og Öskju. Leitið til skrifstofu strax ef upplýsinga er þörf eða vandamál koma upp, stór sem smá. Þegar þið sendið póst takið þá alltaf fram nafn og kennitölu og nafn og númer námskeiðs ef erindið fjallar um námskeið.
	Guðrún Helga ( <a href="mailto:ulla@hi.is">ulla@hi.is</a> ) er í VR-II og sinnir nemendum í öllum verkfræðideildum og Raunvísindadeild. Ragnhildur ( <a href="mailto:rask@hi.is">rask@hi.is</a> ) er í Öskju og sinnir nemendum í Líf- og umhverfisvísindadeild og Jarðvísindadeild. Í VR-II eru Halldóra ( <a href="mailto:halldora@hi.is">halldora@hi.is</a> ) á þjónustuborði og Hanna ( <a href="mailto:hannah@hi.is">hannah@hi.is</a> ) sem sér um prófin og á þjónustuborði í Öskju er Berglind ( <a href="mailto:berglind@hi.is">berglind@hi.is</a> ). Þær sinna allar ýmsum málum nemenda.
Sértæk vandamál: Úrræði	Ef þið eigið við sértæk vandamál að stríða, eruð með greiningar um sértæka námserfiðleika eða fötlun, leitið þá til Náms- og starfsráðgjafar HÍ. Náms- og starfsráðgjöfin stýrir sérúrræðum fyrir nemendur.
BS-nám	BS-nám miðast við fullt nám í 3 ár, er 180 e og skiptist niður á 6 misseri, 30 e á hverju misseri.
Skyldunámskeið	Skyldunámskeið á fyrsta ári ber að taka fyrst og best að leggja áherslu á að taka námið í þeirri röð sem kennsluskrá gerir ráð fyrir.
Ytri vefur <a href="http://www.hi.is/">http://www.hi.is/</a>	Skoðið ytri vefinn vel. Þið eruð á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Undir sviðinu til hægri eru tenglarnir „ <b>Kennslualmanak</b> “, „ <b>ALFINNUR leitarvefur</b> “ og „ <b>Stundatöflur</b> “ . Þar finnið þið allt um skólabyrjun, nám á sviðinu og reglur þar um. <b>Kennsluskrá</b> er á forsíðu HÍ ,efst til hægri. Hana skuluð þið skoða vel varðandi uppsetningu náms ykkar og hvaða námskeið eru í boði hverju sinni.
Innri vefur <a href="https://ugla.hi.is/">https://ugla.hi.is/</a>	Þegar þið eruð skráð í HÍ fáði þið aðgang að Uglunni. Skoðið vel námskeiðin ykkar. Þar eru allar upplýsingar varðandi námskeiðin. Kennarar senda ykkur þar einnig upplýsingar um tíma, stofur, breytingar o.fl. Þar getið þið líka haft samband við kennara ykkar með fyrirspurnir og til að fá ráð. Fylgist með HÍ- póstinum ykkar.
Skráning í námskeið	Þið skráið ykkur í og úr námskeiðum í Uglunni á ákveðnum tímum. Að skrá sig í námskeið er að skrá sig í próf. Til að fá að taka próf þarf stúdent að vera skráður í viðkomandi námskeið.
Veikindi í prófi	Ef þið eruð veik í prófi skilið þá vottorði til Nemendaskrár í síðasta lagi 3 dögum eftir próf.
Fall á prófi	<b>Að mæta ekki í próf er fall.</b> Taka má próf í sama áfanga þrisvar. Ef þið fallið í þriðja sinn, hafið þá samband við skrifstofu sviðsins í VR-II eða Öskju (eftir deildum). Í flestum tilfellum verður nemandi að endurnnitast.

### Mikilvægar dagsetningar á haustmisseri 2011 samkvæmt kennslualmanaki VoN

→10. sept.	10. sept. er síðasti dagur til að breyta námskeiðsskráningu á haustmisseri.
27.sept.	Próftafla haustmisseris birt.
1. okt.	Síðasti dagur til að skrá sig úr haustmisserisprófi.
30. nóv.	Síðasti kennsludagur.
2.-16. des.	Haustmisserispróf.
19.-20. des. 5.-6. jan.	Sjúkrapróf vegna prófa sem voru 2.-9. des. Sjúkrapróf vegna prófa sem voru 12.-16. des. <b>Upptökuþróf vegna falls eru 18.-22.júní</b>